

Fundur í umhverfisnefnd 15. desember

Mættir: Rakel Ásta, Stefanía Katrín, Jörgen, Gabríel, Helga Harðar, Heimir, Siggja Vill, Guðrún, Eymar, Andrés, Díana, Natalía og Siggja Lára

1. Matarvigtun: Nemendur í 4. og 10. bekk leifðu engu í matarvigtunarvikunni. Samtals leifðu nemendur 3500 grömmum alla vikuna. Umræður um að vigta líka þegar ekki er matarvigtunavika, ætli við séum að leifa meira þá? Stundum er skammtað of mikið, betra að fá minna á diskinn og fara frekar aftur og fá sér meira. Ákveðið að vigta fljótlega eftir áramót og sjá til samanburðar hvað við erum að henda miklu þegar vð erum ekki að þæla í matarsóun.
2. Viðurkenning fyrir 0 grömmin. Fulltrúar í 4. og 10. bekk óska eftir því að í viðurkenningarskinni verði langlokur með grófu brauði fljótlega í matinn. Það verður rætt við starfsfólk í mötuneyti.
3. Umræður um jólagjafir. Það þarf ekki alltaf að kaupa hluti t.d. hægt að mála eða teikna myndir, smíða, skipuleggja spilakvöld, tiltekt, bíóferð, nudd eða skemmtilega samverustund. Með því að gefa upplifun eða eitthvað sem við endurvinnum eða endurnýtum förum við betur með náttúruna.

Fundi slitið og gleðileg jól